

# Aðalfundur leikfélags Kópavogs

6. Júní 2023

Sigurður Kr. Sigurðsson formaður setti fund kl. 19:40 í leikhúsinu.

## a) Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Fundarstjóri: Hörður Sigurðarson

Fundaritari: Örn Alexandersson

Tillaga fyrir fund frá stjórn. Að liður i) lagabreytingar verða fyrir lið e) Stjórnarkjör. – **Samþykkt með öllum atkvæðum**

## b) Skýrsla stjórnar félagsins um starf á leikárinu lesin upp.

Sigurður fór yfir skýrslu stjórnar. Sjá skýrslu stjórnar 2022 -2023. **Samþykkt samhljóða.**

## c) Skýrslur nefnda lesnar upp. – Sjá skýrslu stjórnar.

## d) Lagðir fram endurskoðaðir reikningar fyrir síðasta reikningsár frá gjaldkera.

Örn kynnti reikninga. **Samþykkt með öllum atkvæðum.**

## e) Stjórnarkjör

Þórdís Sigurgeirsdóttir hættir í stjórn og gefur ekki kost á sér aftur og Sigurður og Ellen sitja áfram í eitt ár. Tillaga stjórnar um að Sigurður verði kosinn formaður. Ellen Dögg Sigurjónsdóttir býður sig fram sem formann og Sigurður dregur sig til baka. Ellen því réttkjörin formaður. Örn Alexandersson og Hjördís Berglind Zebitz kosin til tveggja ára Valdimar Lárus Júlíusson til eins árs.

Í varastjórn gefa kost á sér. Valgerður Rannveig Valgarðsdóttir, Birgitta Björk Bergsdóttir og Anna Margrét Pálsdóttir. - **Samþykkt**

## f) Kosning hússtjórnar. Hörður Sigurðarsson, Sigurður Kr. Sigurðsson og Örn Alexandersson. - **Samþykkt samhljóða**

## g) Kosningar tveggja endurskoðenda og eins til vara.

Brynja Helgadóttir og Sigrún Tryggvadóttir. Til vara Hörður Sigurðarsson – **Samþykkt samhljóða.**

## h) Aðrar kosningar. - Engar aðrar kosningar.

## i) Lagabreytingar – Tillaga stjórnar:

4. gr.

Félagar 67 ára og eldri eru undanþegnir greiðslu félagsgjalda. – Fellur út – **Samþykkt með öllum atkvæðum**

9 gr.

Stjórn skipa þrjú menn og þrjú til vara. - Fellur út.

Í staðin kemur:

Stjórn skipa fimm stjórnarmenn og þrjú til vara. Formaður er kosinn sérstaklega til eins árs en aðrir aðalmenn til tveggja ára, tveir ár hvert. Sé sitjandi stjórnarmaður kjörinn formaður skal kjósa aðalmann til eins ár í staðinn. Varastjórn skal kjósa til eins árs.

Kosningar skulu bundnar uppástungum. Stjórn er heimilt að skipa uppstillingarnefnd til að tryggja framboð í embætti. – – **Samþykkt með öllum atkvæðum**

11 gr.

Leikfélag Kópavogs er óheimilt að selja eða veðsetja fasteignina sína að Funalind 2, Kópavogi, án samþykkis bæjarstjórnar Kópavogs og skal þessari kvöð þinglýst á eignina. Ef félagið er lagt niður fer húseign félagsins til Kópavogsbæjar. – **Samþykkt með öllum atkvæðum**

15 gr. – Slit á félaginu. – Ný grein.

Leikfélagi Kópavogs verður því aðeins slitið að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

Löglega boðaður aðalfundur samþykkir að slíta félaginu og skal skýrt taka fram í fundarboði að sú tillaga verði lögð fram á fundinum. Ef a.m.k. 3/4 fundarmanna samþykkja slitin skal þegar í stað boðað til sérstaks slitafundar. Boðað skal til slitafundar á sama hátt og aðalfundar og skal hann haldinn eigi fyrr en 4 vikum og eigi síðar en 6 vikum eftir aðalfundinn. Einungis löglegir félagsmenn á aðalfundi hafa atkvæðisrétt á slitafundi. Ef 3/4 greiddra atkvæða á slitafundi samþykkja tillöguna telst félaginu þar með slitið og skal stjórn sjá um ráðstöfun eigna félagsins í samræmi við lög. – **Samþykkt með öllum atkvæðum**

**j) Ákvörðun félagsgjalda.** – Tillaga að óbreyttu árgjaldi 5000 kr – **Samþykkt samhljóða**

**k) Önnur mál.** Tillaga fyrir fundinn: Yfirlýsing aðalfundar Leikfélags Kópavogs. Aðalfundur leikfélags Kópavogs haldinn að Funalind 2 í Kópavogi samþykkir að veita Sigurði Kristni Sigurðssyni fullt og óskorað umboð sitt til að undirrita fyrir hönd félagsins yfirlýsingu um kvöð á fasteign og samkomulag um fasteign félagsins að Funalind 2 dagsett 30. maí 2023 – **Samþykkt með öllum atkvæðum**

**Ábendingar fyrir stjórn:** Að stjórn skoði lög um fasteignagjöld hvort hægt sé að skrá húsið sem menningahús. Að stjórn skoði hvort símakostnaður og önnur há gjöld geti verið lækkuð. Að stjórn feli einhverjum í stjórn að sækja um styrki til félagsins. Að rekstur sjoppu og rekstrarkosnaður verði sameinaður í reikningum félagsins. Að stjórn fari yfir netföng félagatals. Að stjórn skipuleggi stuttverkadagskrá sem gæti þá farið á stuttverkahátið BÍL 2024. Að stjórn boði til tiltektar og viðhaldsdags. Að stjórn uppfæri lög félagsins. Að starf félagsins séu gerð sýnilegri félögum.

**l) Afgreiðsla fundargerðar.** – Fundargerð samþykkt samhljóða.

Ellen Dögg Sigurjónsdóttir sleit fundi. Fundarmenn þakka Sigurði Kr. Sigurðssyni fyrir hans formennsku. Fundi slitið kl. 22:10

Fundargerð ritaði Örn Alexandersson

Kópavogi 6.6.2023